



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

7(b). fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:30 mánudaginn 17. febrúar 2020, sem er Skype fundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Verkefni sl. mánuði og framundan
- Innri mál

Verkefni sl. mánuði og *framundan*

Markaðs – og kynningamál

Samantekt ársins 2019

Fannar kynnrir verkefni síðasta árs og helstu tölfræði bak við þau og miðlana.

Vörumerkjahandbók/kynningarefni

Út frá nýrri ásýnd var nýtt kynningarefni framleitt fyrir sýningarnar Mannamót og Mid-Atlantic.

Framundan er að skoða hvort og þá hvað við framleiðum af nýju kynningarefni á þessu ári. Í skoðun er að láta semja ýmsa þematengda texta ásamt að láta vinna stafrænt efni s.s. myndbönd.

Kortaútgáfa/prentað efni

Undirbúningur hafinn á endurnýjun kortaseríu, enn til eitthvað á lager en stefnan á að setja nýtt útlit á heildarkortið allavega fyrir næstu prentun. Öll sveitarfélögin hafa sameinast í útgáfunni.

***Framundan** er frekari undirbúningur og vinna við útgáfu Suðurlandskorts.*

Myndbandsverkefni

***Framundan** er undirbúningur að næsta myndbandsverkefni og frekari nýtingu á núverandi efni til áframhaldandi efnissköpunar. Þá er verið að skoða nýtt verkefni í tengslum við áttavita, skoða þarf fjármagn í slíkt sérverkefni og hvort það rúmist í rekstraráætlun næsta árs.*

Heimasíða

Uppfærsla í undirbúningi og verkefnahópur MAS að störfum. Nýtum Siteimprove í að greina núverandi síðu til að ákveða betur með nýja síðu.

***Framundan** er áframhaldandi vinna í núverandi síðu, innihaldi og framsetningu auk þróunar á nýrri vefsíðu og gagnagrunni.*

Samfélagsmiðlar

Höfum tekið yfir samfélagsmiðlana aftur og sér Fannar um þá.

***Framundan** er að setja t.d. meiri áherslu á að tengja betur við vefinn.*

PR/Blaðamannafyrirspurnir/ferðir

Komin umfjöllun í Dagskránni um Vetrarfrí fjölskyldunnar og verður vonandi í fleiri miðlum. Er kynnt vel á okkar miðlum. Auk þess fór grein í Morgunblaðið um Vitaleiðina, nýju ferðaleiðina á Suðurlandi.

***Framundan** eru 3 PR heimsóknir sem komu í gegnum þýsku PR stofu Íslandsstofu. Ein sem kemur í næstu viku, allt tilbúið fyrir hana. Svo er ljósmyndari sem vill koma í maí/júní til Vestmannaeyja, vill kanna eyjarnar í kring. Svo er sjónvarpsþáttur að koma í lok mánaðar.*

Kynningarferðir (íslenskar FAM)

Sendum inn tillögu að post tour fyrir Mid-Atlantic en ekki var næg þátttaka í hana svo hún var felld niður.

Fréttabréf

2-3 fréttabréf með innri fréttum voru send á tímabilinu. Kallað er eftir fréttum frá aðilum, safnað saman og sent í fréttabréf Íslandsstofu. *Áfram regluleg fréttabréf á þessa hópa.*

Sýningar/vinnustofur

Mannamót var haldið í janúar og kom verkefnahópur að mestu að öllum praktískum verkefnum en forstöðumenn að stærri ákvörðunum. Mannamót voru vel sótt og gekk almennt vel. Sýnendur um 270 og gestir um 800. Ánægja var með mætingu þrátt fyrir samdrátt síðustu missera. Verið er að rýna könnun og til að taka ákvarðanir fyrir næsta ár.

Mid-Atlantic var haldið um mánaðarmótin jan/feb og gekk ágætlega. Virkaði minna af bæði sýndum og kaupendum. Áttum um 40 fundi, unnum með faghóp í mönnun á bás. Ragnildur sagði aðeins frá því sem stóð helst uppúr á fundunum.

Framundan er eftirfylgni Mid-Atlantic og byrja að undirbúa Mannamót 2021. Endurvöktum samtalið um Vestnorden á Suðurlandi 2022 og er áhugi fyrir því. Það sem er framundan í sýningum og vinnustofum 2020 er Vestnorden á Reykjanesi í haust, USA og Kína í haust, sem og inspection á WTM líkt og fyrri ár.

Aðildarfyrirtæki - Innra (markaðs)starf

6 ný fyrirtæki komu inn í samstarf fyrir Mannamót og eitt eftir það. Ragnildur og Helga heimsóttu fyrirtæki á miðsvæði í síðustu viku. Fréttasíða og FB síða MSS með reglulegar uppfærslur.

Framundan er að undirbúa súpufundi vorsins. Reglulega eru send fréttabréf af innra starfi og til stendur að senda út könnun meðal aðila á starfsemi markaðsstofunnar.

Áfangastaðaáætlun - áfangastaðastofur

DMP

Verkefnið „ferðaleiðir“ og „jákvæð skilaboð um ferðaþjónustuna“ í sínum farvegi. Vinna við Vitaleiðina er í fullri vinnslu, haldnar hafa verið vinnustofur og fundir og svo þarf að vinna úr því. Handbækur um ferðaleiðir (göngu og hjóla) á leið í umbrot. Verið er að skoða að setja hjólaleiðir inn á kortagrunn. Verkefnastjóri fundaði með Ferðafélagi Íslands um gönguleiðir ásamt því að sitja aðra fundi og ráðstefnur. Verkefnastjóri vinnur einnig að undirbúningi við að uppfæra áfangastaðaáætlun og greina hvaða upplýsingar við þurfum til þess. Þá óskaði Sveitarfélagið Hornafjörður eftir umsögn vegna skipulags. Verkefnið um Matarauð Suðurlands er í vinnslu.

Framundan er áframhaldandi vinna við Vitaleiðina og stefnt á opnun í maí/júní. Vinna við Matarauð Suðurlands heldur áfram. Áfram verður unnið að uppfærslu á áfangastaðaáætlun og stendur til að skoða hvort málþing MSS í kringum árhátíð verði m.a. nýtt í vinnuna ásamt vinnustofum. Þá verður fylgt eftir nokkrum verkefnum og málum, s.s. hjá Vegagerð, varðandi skiltamál, merkingar, leiðir og einstaka staði.

DMO/áfangastaðastofur

Framkvæmdastjóri sýnir drög að stefnuskjali með heildarsýn á starfseminni. Fundað var tvisvar sinnum með Ferðamálastofu á tímabilinu. Kallað hefur verið eftir ýmsum gögnum en Markaðsstofur landshlutanna (MAS) ekki almennilega verið hluti af samtalinu enn sem komið er. Talsverður tími hefur farið í þessa vinnu og undirbúning.

Framundan er áframhaldandi vinna við að setja upp sviðsmynd Suðurlands í þessu tilliti þegar kemur að fjármagni, tengingum við kerfið (innan og utan svæðis) og fleira.

Samstarf

Markaðsstofur landshlutanna - MAS

Tveir fundir voru á tímabilinu og á annan þeirra var gestum boðið að koma inn á fundinn til að ræða ýmis sameiginleg málefni. Meðal gesta voru fulltrúar frá Ferðamálastofu (rætt m.a. um öflun gagna niður á landshluta), Framkvæmdasjóð ferðamannastaða (aukið samstarf og skýra hlutverk) og SAF (sameiginlegir hagsmunir og upplýsingamiðlun).

Rætt var um Mannamót og birtingu landshluta þar. Samþykkt var á fundi að MAS samstarfið ætti að snúast um verkefni sem snertu landsbyggðina sameiginlega. Umræða var einnig um fjármagn upplýsingamiðstöðva en ákveðið var að styðja sameiginlegt erindi upplýsingamiðstöðva þegar það liggur fyrir.

Framundan er MAS+ fundur í mars með gestum sem er í umsjón Suðurlands. Markaðssetning, DMO, fjármagn/erindi til eftirfylgni, heimasíður, Haustráðstefna, Mannamót og fleira t.d. á dagskrá. Margir í stoðkerfni að hitta MAS svo við slíkum opnum fundum verður líklega fjölgað. Þá er áframhaldandi vinna í verkefnahóp um gagnagrunn og uppfærslu á heimasíðu.

Íslandsstofa

Á þessu tímabili fólst samstarfið nánast eingöngu í PR samstarfi. Erlendar PR stofur komu á Mannamót og fóru starfsmenn hring um Sunnlenska sýningarsvæðið með þeim þar og kynntu áherslur ársins 2020 á Suðurlandi. Einnig kom hópur á vegum Utanríkisráðuneytis sem fékk líka leiðsögn í gegnum svæðið. Inspired by Iceland herferð vorsins er eingöngu hugsuð á Bretlandsmarkað.

Framundan eru mánaðarlegir fjarfundir með Íslandsstofu, PR verkefni og vinna að markaðsáherslum.

Ferðamálastofa

Framkvæmdastjóri fór í viðtal við Oddnýju hjá Ferðamálastofu vegna málefna Suðurlands og mun það koma út í ársriti tölfræðinnar. Framkvæmdastjóri sendi henni áhugaverðar upplýsingar frá World Travel Market.

Framundan er vinna við samninga, fjármögnun og þróun DMO.

Faghópur/sveitarfélög

Öll sveitarfélög hafa samþykkt samning fyrir 2020 (Árborg, Flói og VE). Fundur faghóps sveitarfélaganna var haldinn 11. feb á Hvolsvelli. Upplýsingamiðstöðvar, samstarf og fleira á dagskrá. Þá er búið að vera að vinna að því að afla upplýsinga í kringum haust- og vetrarfrí.

Framundan er fundur í Vestmannaeyjum á morgun og svo undirbúningur fyrir faghópsfundi vorsins.

SASS

Áhersluverkefni voru í mótun á tímabilinu, vorum með tvær tillögur sem fengu ekki framgöngu. Áhyggjuefni að engin ný ferðaþjónustutengd verkefni hafi náð í gegn á þessu ári. Önnur verkefni er í vinnslu s.s. ferðaleiðir, mynda- og texta verkefni, invest, menningarverkefni (sameining safna) og ráðgjöf.

***Framundan** er áframhaldandi vinna í teymum, ráðgjöf, Uppbyggingarsjóð og á fundum ráðgjafa um áherslur fyrir næsta ár og fleira. Þá verður unnið áfram í núverandi verkefnum og skil á framvindu- og lokaskýrslum eins og við á.*

Fundir og ráðstefnur

Verið var að undirbúa heimsóknir með SAF um Suðurland, kynning á MSS og heimsóknir til ýmissa aðila þar sem sjónarmið og hagsmunir landshlutans verða í brennidepli. Fresta þurfti heimsókninni sökum veðurs, fyrirhugað að reyna aftur fljótlega.

Vegagerðin var með ráðstefnu sem bar yfirskriftina “Hvar vilja ferðamenn stoppa?,” sem framkvæmdastjóri og verkefnastjóri DMP sóttu.

Ferðamálastofa og Íslenski ferðaklasinn héldu hádegisfyrirlestur sem hét „Rekstur og efnahagur í ferðapjónustu“ sem starfsmenn hlustuðu á í streymi.

***Framundan** er fyrirhuguð fundarferð með SAF og ýmsir aðrir fundir og ráðstefnur sem starfsfólk skiptist á að sækja.*

Innri mál

Fjármál og rekstur

Starfsáætlun var samþykkt í tölvupósti af stjórn.

***Framundan** er að klára rekstraráætlun 2020 ásamt að vinna að ársreikningi 2019 og undirbúa aðalfund og fleira.*

Starfsmannamál

Nýr starfsmaður, Helga Lucie, hóf störf 2. jan í 80% starfshlutfall og samið var til 30.6. Mun hún sinna innri markaðssetningu, samstarfi við aðildarfyrirtæki og Matarauðsverkefni.

Ársfundur, málþing, árshátíð

Dagsetning ákveðin 22. apríl nk. á Hótel Örk. Undirbúningur er hafinn og líklega verður sambærilegur kostnaður og fyrri ár.

Fjármagn til upplýsingamiðstöðva

Rætt um næstu skref.